

25. ágúst 1970.

551

Nr. 170.

AUGLÝSING

um staðfestingu á skipulagsupprætti af Seláshverfi í Reykjavík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið hinn 21. ágúst 1970 staðfest skipulagsupprátt af Seláshverfi í Reykjavík.

Félagsmálaráðuneytið, 25. ágúst 1970.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

25. ágúst 1970.

Nr. 171.

SAMÞYKKT

um sveitarstjóra í Stokkseyrarhreppi, Árnæssýslu.

Hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps hefur ráðið hr. Steingrím Jónsson hreppsnefndarmann, til að vera sveitarstjóri í Stokkseyrarhreppi.

Á fundum sínum mánudaginn 29. júní og mánudaginn 27. júlí 1970, gerði hreppsnefndin svo hljóðandi samþykkt um starfssvið hans.

1. gr.

Hreppsnefnd kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar, og er kjörtími hans hinn sami og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti í hreppsnefnd og hefur þar óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðarétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi, í samráði við oddvita, framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir, og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, ásamt oddvita, að öll störf, sem nefndin á að annast um, séu tilhlýðilega unnin. Hann annast innheimtu á tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans, án sérstakrar þóknunar. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast bókun alla og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðufé hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl, og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að hafa ábyrgð á.

Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

B 70